NÝTT
Helgarblað
ÞJÓÐVILJINN

Útgefandi: Útgáfufélag Þjóðviljans
Framkvæmdastjóri: Hallur Páll Jónsson
Ritstjórar: Árni Bergmann, Ólafur H. Torfason
Umsjónarmaður Helgarblaðs: Ólafur Gíslason
Fréttastjóri: Sigurður Á. Friðþjófsson
Útlit: Þröstur Haraldsson
Auglýsingastjóri: Olga Clausen
Afgreiðsla: ☎ 68 13 33
Auglýsingadeild: ☎ 68 13 10 – 68 13 31
Símfax: 68 19 35
Verð: 150 krónur í lausasölu
Setning og umbrot: Prentsmiðja Þjóðviljans hf.
Prentun: Oddi hf.
Málgagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis
Síðumúla 37, 108 Reykjavík

Tímamót Sambandsins

Það er ekki ofmælt hjá stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga í ályktun þeirri sem hún samþykkti síðdegis í gær, að samvinnuhreyfingin á Íslandi standi nú á tímamótum. Og þótt athyglin hafi beinst að miklum fjárhagsvanda fyrirtækisins, má ekki einvörðungu líta á þær aðgerðir og breytingar sem nú er stefnt að, sem nauðvörn gegn tímabundnum vanda. Þessi tímamót hefðu runnið upp, hvort sem dýr lán hefðu þrúgað fyrirtækið og rekstrarvandi hrjáð verslunardeildina eða ekki.

Í einróma tillögu stjórnar Sambandsins til aðalfundarins í næstu viku er honum falið að leita allra leiða til að treysta starfsgrundvöll fyrirtækisins. Stjórnin tekur nú heilshugar undir þær hugmyndir sem fyrrverandi stjórnarformaður Sambandsins, Valur Arnþórsson, bankastjóri Landsbankans, hefur fyrir löngu talað um, ásamt öðrum, en fyrir nokkuð daufum eyrum. Nú kemur á daginn að mat hans var rétt, þróunin hefur staðfest nauðsyn breytinga á þennan veg.

Stjórnarmenn Sambandsins vilja að Samband íslenskra samvinnufélaga „fáist ekki við rekstur", en hafi hlutverk stefnumótunar, samræmingar og eignastjórnunar". Fyrirtækið mundi engu að síður verða stærsta eignarhaldsfélag landsins og sinna mikilvægu hlutverki. En eftir að deildum fyrirtækisins hefur verið breytt í hlutafélög eftir starfsgreinum og sumar þeirra jafnvel seldar, er augljóst að grundvallarbreytingar eru nú í augsýn, sem hafa áhrif í öllu þjóðfélagi okkar. Þetta er engin andlitslyfting, heldur endurfæðing.

Það er fagnaðarefni, að stjórn Sambandsins skuli einnig í ályktun sinni koma til móts við réttmæta gagnrýni á uppbyggingu hreyfingarinnar og valdkerfi. Eina af þremur meginrótunum að fjárhagsvanda fyrirtækisins telur hún vera „þunglamalegt stjórnskipulag og mismunandi hagsmuni eigenda". Og í lokakafla tímamótaályktunar sinnar segja stjórnarmenn um Sambandið: „Breyta skal samþykktum þess þannig að .... m.a. reglur um kjör á aðalfund verði aðlagaðar nýjum aðstæðum og stjórn þess gerð skilvirkari."

Samvinnurekstrarformið býr nú við allt önnur ytri skilyrði en áður tíðkaðist. Þróunin hefur leitt í ljós, að hlutafélagaformið hentar betur í því viðskiptaumhverfi, við þau skattalög og reglur sem þjóðfélagið hefur samið sér og tileinkað á síðustu árum og áratugum. Með þessu er engan veginn verið að hverfa frá samvinnuhugsjóninni. Samvinnu- og félagshyggjumenn fallast ekki frekar en nú á óheft frelsi fjármagnsins, játast ekki undir lögmál frjálshyggjunnar. Hins vegar er lýðum ljóst, að samkeppni í viðskiptum og þjónustu í nútímaþjóðfélagi tekur mið af örum þjóðfélagsbreytingum. Vilji samvinnuhreyfingin áfram beita sér fyrir þeim hugsjónum sem hún hefur að leiðarljósi, þarf hún að laga baráttuaðferðir sínar að aðstæðum, eins og aðrir. Um langt skeið hefur td. verið ljóst, að sú sérstaða flestra íslenskra samvinnufélaga, í samanburði við erlend, að vera í senn framleiðenda- og neytendasamvinnufélög, leggur visst helsi á starfsemi þeirra.

Jafnaðarmenn hvar í fylkingu sem þeir standa munu fylgjast gaumgæfilega með fregnum af umræðum á aðalfundi Sambands íslenskra samvinnufélaga í næstu viku. Þótt ýmsir hafi spáð Sambandinu hrakförum undanfarið og talað galgopalega um að við því blasi fátt annað en „fara á hausinn", kann svo að vera, að í öllu ferlinu við endurskipulagningu þess skýrist ýmsir þættir í umræðunni um streymi fjármagns og opinber afskipti í þeim málum, svo dæmi séu tekin. Lýðræðislegri ákvarðanataka og valddreifing innan Sambandsins mun einnig geta haft áhrif á þjóðfélagsumræðuna og verið að einhverju leyti mótandi um framvinduna í stjórnmálum.

ÓHT

Listahátíð

Íslensk höggmyndalist

Íslensk höggmyndalist 1900-1950 er heiti sýningar sem opnuð verður á morgun á Kjarvalsstöðum.

Í tilefni Listahátíðar er efnt til þessarar sýningar á verkum þekktra íslenskra myndhöggvara. Lögð er áhersla á að kynna liststrauma í höggmyndalistinni á fyrri hluta aldarinnar fyrir daga módernismans.

Á sýningunni gefur að líta verk eftir þau Ásmund Sveinsson, Einar Jónsson, Guðmund Einarsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Magnús Á. Árnason, Martein Guðmundsson, Nínu Sæmundsson, Ríkarð Jónsson og Sigurjón Ólafsson. Flesta þessa listamenn þekkja Íslendingar, en á sýningunni á Kjarvalsstöðum gefst kostur á að bera þá saman og sjá tengsl þeirra hvers við annan og við listasöguna á fyrri hluta aldarinnar.

Vitað er um nokkra einstaklinga sem lögðu stund á listnám á 19. öld, en það var ekki fyrr en með Einari Jónssyni að hægt er að tala um upphaf höggmyndalistar á Íslandi. Einar Jónsson hafði mikil áhrif á þá myndhöggvara sem á eftir honum komu m.a. á Ríkharð Jónsson og Guðmund frá Miðdal.

Verk Einars þekkja flestir Íslendingar, hann naut frá upphafi virðingar landsmanna. Ríkið lét reisa Listasafn Einars Jónssonar, og það var formlega opnað árið 1923, fyrst listasafna á Íslandi.

Nína Sæmundsson er fyrsta íslenska konan sem leggur stund á höggmyndalist. Hún vakti fljótt athygli erlendis og var árið 1926 boðið að sýna verk sín í Art Center í New York. Eftir það fluttist hún vestur um haf, þar sem hún starfaði til ársins 1955 þegar hún snéri aftur heim.

Á fjórða áratugnum má segja að íslenskir myndhöggarar skiptist í tvö horn. Annars vegar Einar Jónsson, Ríkharður Jónsson, Guðmundur frá Miðdal og Magnús Á. Árnason, en verk þeirra voru bæði táknræn og dulúðug. Hins vegar Ásmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson sem ruddu brautina í átt til módernismans.


Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur til 8. júlí og er opin daglega frá kl. 11-18.

BE



Þessi ástríðufulli koss Ríkarðs Jónssonar er meðal verka á höggmyndasýningunni á Kjarvalsstöðum.

Helgarveðrið



Horfur á laugardag: Hæg, breytileg átt. Víða bjart veður, en þó hætt við síðdegisskúrum á S- og SA-landi. Hiti 10 til 17 stig að deginum.

Horfur á hvítasunnudag: Hægviðri og skýjað með köflum. Hætt við skúrum víða um land. Áfram fremur hlýtt í veðri.